

38. stjórnarfundur Bergrisans bs.

8. mars 2022

Fundur hófst klukkan 14:00 í fjarfundi á Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðarsviði Árborgar og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Melkorka Jónsdóttir velferðasviði Árnesþings boðaði forföll. Gestur fundarins var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Kynning á drögum að viðaukaþjónustusamning vegna Fögrubrekku á Sólheimum

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður kynnir drög að viðaukasamning Bergrisans bs við Sólheima ses vegna Fögrubrekku. Stjórn Bergrisans bs samþykkir drögin fyrir sitt leyti með þeim óverulegu breytingum sem komu fram á fundinum. Formanni falið að ljúka málinu.

2. Fundargerð þjónusturáðs kynnt

Heiða Ösp Kristjánsdóttir formaður þjónusturáðs kynnir fundargerð þjónusturáðs nr. 151 frá 2. mars 2022.

3. Rekstrarniðurstaða Bergrisans 2021

Ingibjörg Garðarsdóttir kynnir rekstrarniðurstöðu Bergrisans bs fyrir 2021. Verkefnisstjóra falið að leggja fram ítarlegri greiningu vegna rekstrar Selvogsbrautar og Vallholts 27 næsta stjórnarfundu Bergrisans.

4. Atvinnumál fatlaðs fólks – endurskoðun á stefnu og stjórnskipulagi

Verkefnisstjóri kynnir í samráði við Heiðu Ösp Kristjánsdóttur formann þjónusturáðs hugmyndir að endurskoðun á stefnu og stjórnskipulagi vegna atvinnumála fatlaðs fólks á Suðurlandi. Stjórn Bergrisans bs felur verkefnisstjóra að hefja endurskoðunina.

Fundi slitið kl: 15:45